

Eftirfarandi tillögur verða kynntar á fundinum og lagðar fram til umræðu og samþykktar. Tillögurnar snúast um að leggja niður í núverandi mynd Afreks- og styrktarsjóð UFA sem stofnaður var á síðasta aðalfundi og láta þá fjármuni sem þar eru renna í tvo nýja sjóði, *Afreksmannasjóð* og *Verkefnasjóð*. Samhliða er gerð tillaga að reglum um skiptingu lottótekna félagsins.

Reglugerð um Afreksmannasjóð UFA

1. grein. Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður UFA.
2. grein. Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksmenn félagsins í frjálsíþróttum til árangurs.
3. grein. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum og einum varamanni og skal kjörin á aðalfundi UFA til eins árs í senn. Stjórn UFA skipar stjórnarmann sem formann sjóðsins, aðrir í sjóðsstjórn sitji ekki í stjórn UFA.
4. grein. Tekjur sjóðsins eru:
 - a) 20% tekna UFA af íslenskri Getspá, (Lotto).
 - b) 60% af ágóða landsmóta sem haldin eru á vegum UFA
 - c) Vextir af fé sjóðsins.
 - d) Frjáls framlög einstaklinga, stofnana og fyrirtækja.Við stofnun sjóðsins skal 60% af fjármunum Afreks og styrktarsjóðs UFA, innistæðu ásamt vöxtum renna í sjóðinn.
5. grein. Heimilt er að veita úr sjóðnum, á hverjum tíma allt að 25% af því fé sem í honum er. Heimilt er að víkja frá því hámarki ef um sérstök afreksverkefni félagsins er að ræða sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.
6. grein. Rétt til styrkveitinga eiga þeir sem náð hafa yfir 900 IAAF stigum í sinni keppnisgrein í frjálsíþróttum á almanaksárinu eða sýna á annan óbyggjandi hátt að þeir skara fram úr í sinni íþróttgrein, t.a.m. eru í landsliði, sigra á Íslandsmeistaramóti, setja Íslandsmet.
7. grein. Til að hljóta styrk þarf viðkomandi íþróttamaður eða fulltrúi hans, að sækja skriflega um til sjóðsstjórnar og gera grein fyrir ástæðum umsóknarinnar.
8. grein. Sjóðsstjórn skal ár hvert á aðalfundi UFA gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.
9. grein. Endurskoðendur UFA eru endurskoðendur reikninga sjóðsins.
10. grein. Fundir skulu haldnir a.m.k. ársfjórðungslega og oftari ef þörf krefur Formaður boði til þeirra.
11. grein. Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á aðalfundi UFA að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Reglugerð um Verkefnasjóð UFA

1. grein. Sjóðurinn heitir Verkefnasjóður UFA.
2. grein. Tilgangur sjóðsins er að efla starf UFA og styrkja verkefni sem tengjast starfsemi og uppbyggingu félagsins.
3. grein. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum. Hún skal kjörin á aðalfundi UFA ár hvert. Tveir stjórnarmanna skulu jafnframt sitja í stjórn UFA.
4. grein. Tekjur sjóðsins verði:
 - a) 20% % tekna UFA af íslenskri Getspá, (Lotto).
 - b) 20% af ágóða landsmóta sem haldin eru á vegum UFA
 - c) Vextir af fé sjóðsins.
 - d) Frjáls framlög einstaklinga, stofnana og fyrirtækja.Við stofnun sjóðsins skal 20% af fjármunum Afreks- og styrktarsjóðs UFA, innistæðu ásamt vöxtum renna í sjóðinn.
5. grein. Heimilt er að veita úr sjóðnum, á hverjum tíma allt að 25% af því fé sem í honum er. Heimilt er að víkja frá því hámarki ef um sérstök afreksverkefni félagsins er að ræða sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Sjóðsstjórn ákveður styrkuppþæð hverju sinni.
6. grein. Til að hljóta styrk þurfa aðilar að sækja skriflega um til sjóðsstjórnar og gera grein fyrir umsókninni. Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu berast fyrir 1. maí og 1. október ár hvert.
7. grein. Fundir skulu haldnir a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður boði til þeirra. Sjóðsstjórn skal á hverjum aðalfundi UFA gera grein fyrir starfssemi sjóðsins. Fulltrúi sjóðsstjórnar skal gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum á aðalfundi UFA ár hvert.
8. grein. Endurskoðendur UFA eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
9. grein. Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á aðalfundi UFA að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Tillaga að lottóreglugerð UFA

Tekjur UFA af Íslenskri Getspá (Lottó) skiptist skv. eftirfarandi :

20% Verkefnasjóður UFA
20% Afreksmannasjóður UFA
60% Til almenns reksturs UFA